

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10-2025

Staður: Teams

Tími: Þriðjudagur 21. október 2025 kl. 13:15

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Birgir Þór Haraldsson, Fertram Sigurjónsson, Bragi Geir Bjarnason, Þórunn Jónsdóttir og Áshildur Bragadóttir.

Forföll: Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir og Isabel C. Barrio.

Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri var gestur fundarins undir lið 1, Jón Grétar Sigurjónsson kennsluforseti var gestur fundarins undir lið 2 og Eyjólfur Guðmundsson starfandi deildarforseti var gestur fundarins undir lið 3.

Fundur settur 13:15.

1. Fjármál / áætlun um innviðaupbyggingu – Rekstrarstjóri fer yfir stöðu mála

Rekstrarstjóri fór yfir stöðu fjármála. Vaxandi tekjur eru af rannsóknaverkefnum og er passað upp á að færa tekjur milli ára í þeim tilfellum þar sem um fyrirfram greiddar tekjur er að ræða. Nokkur verkefni hafa dregist og þá munar mest um að hægar gengur með Jarðræktarmiðstöð og gróðurhús, en þau verkefni eru á vegum FSRE. Ráðuneytið er upplýst um að færa þurfi fjármuni milli ára vegna þessa.

Innviðaupbygging er töluverð, má þar fyrst nefna Jarðræktarmiðstöð og rannsóknagróðurhús, framkvæmdir á sauðfjárbúinu að Hesti þar sem komið er nýtt gólf í stóran hluta ásamt nýjum búnaði til tilraunafóðrunar, vigtunar, m.m., unnið er að nýju bílaplani við Ásgarð, endurbótum á Gömlu torfunni (skólahús og skólastjórahús), endurbótum á Melabraut í samstarfi við Borgarbyggð, drónakaup, endurnýjun heimasíðu og ýmsar endurbætur innanhúss á starfsstöðvum.

2. Umræða um styttri námsleiðir og kynning frá nýjum kennsluforseta

Kennsluforseti fór yfir tillögur að örnámi sem hafa verið ræddar. Horft er til þess að örnám geti þróast í námsleið. Einnig er möguleiki að byrja á því að bjóða upp á nám í gegnum Endurmenntun. Nám tengt hestafræði m.a. tengt tamningum er í undirbúningi. Þá hefur verið rætt um GIS nám sem gæti hafist haustið 2026. Auk þess hefur verið rætt um nám í landslagstækni sem gæti tengst náminu í landslagsarkitektúr. Vaxandi áhugi er á því að bjóða upp á nám í vinnslu matvæla og fyrsta skrefið gæti verið að koma upp námi í bruggun. Hér er horft til samstarfs við Matís og erlenda samstarfsaðila s.s. Modena (UNIgreen) og samstarfsaðila í Tékklandi og Þýskalandi.

Rætt var um undirbúning að námi í dýralækningum. Vinnan hefur gengið vel og er unnið að kostnaðargreiningu sem verður lögð fyrir háskólaráð öðru hvoru megin við áramótin.

3. Umræða um rannsóknir og nýsköpun / rannsóknastefna – rannsóknahópar og kynning frá deildarforseta

Mikill kraftur er í akademíska hópnum og gengið vel að fá inn stór alþjóðleg verkefni. Erum að styrkja okkur í stjórnun Evrópu-verkefna. Enn eru áskoranir varðandi nemendafjöldann. Sameining deildar í eina heild býður upp á ný tækifæri. Deildarfundur verður haldinn 2. nóv. nk. Þar verður farið yfir verkefnin framundan, s.s. nýliðun, forgangs röðun ráðninga, stofnun öflugra rannsóknahópa, LIFE og önnur stór verkefni. Veturinn fer í að hrista fólk saman og skýr sýn um rannsóknahópa og rannsóknastefnu mun

liggja fyrir næsta vor. Áhugi er á því að koma upp verkefnum tengdum vinnslu matvæla og horfa einnig til þess hvernig læra má af þróuninni í sjávarútveginum.

4. Rannsóknamisseri

Tvær umsóknir um rannsóknamisseri liggja fyrir, annars vegar umsókn Ásu Aradóttur um 12 mánuði haust 2026 – vor 2027 og hins vegar umsókn Isabel C. Barrio um 6 mánuði vorið 2027. Báðar umsóknir hafa fengið jákvæða umfjöllun rannsóknamisserisnefndar sem mælir með því að háskólaráð samþykki þær. Báðar umsóknir samþykktar samhljóða.

5. Mál til kynningar

- a. Fundur með fulltrúum ráðuneytisins var haldinn 3. október um leigusamning vegna Mið-Fossa. Leiguverðið sem FSRE stingur upp á er um þrefalt það sem skólinn hefur greitt fyrri eiganda.
- b. Ráðuneytið hefur staðfest að engin vinna hefur farið fram þar um sameiningu Lbhí við aðrar stofnanir/háskóla. Sameiningar við fagstofnanir sem myndu styrkja faglega starfsemi Lbhí og faggreinar sem um ræðir gæti verið áhugavert að skoða.
- c. Ráðuneytið hefur óskað eftir athugasemdum frá háskólunum vegna Reiknilíkansins.
- d. Sérfræðingur frá NABU í Þýskalandi er í heimsókn á Hvanneyri í dag að ræða samstarf um endurheimt vistkerfa (tengt LIFE verkefninu).
- e. Vinnufundur DIGI-Rangeland var haldinn á Hvanneyri í gær. Góð þátttaka bænda og ráðunauta og farið í heimsókn á Hestbúið þar sem nýi búnaðurinn var skoðaður.
- f. Fundir með starfsfólki um framtíðarsýn verða haldnir á næstu vikum í smærri hópum. Fyrsti fundur hefur átt sér stað.
- g. Umsókn um stækkun Nemendagarða er í farvegi.
- h. Viðhaldsvottun jafnlaunakerfis fór fram 2. október með jákvæðum niðurstöðum.

6. Önnur mál

Bragi Geir, fulltrúi nemenda í háskólaráði vildi koma á framfæri hrósi til skólans, en nemendur eru ánægðir með samskipti sín við kennara og stjórnsýslu skólans. Var honum þakkað fyrir þessi góðu orð.

Bragi Geir fagnaði umræðunni á fundinum um sameiningarmál, sem skýrir málið gagnvart nemendum. Hann sagðist taka virkan þátt í fundum LÍS og þar hefði m.a. verið rætt um hækkun skráningargjalda. Skráningargjöldin hafa verið óbreytt (75.000 kr.) um langt skeið og ekki fylgt verðlagsbreytingum. Háskólaráð telur því rétt að þau séu endurskoðuð, en það er í höndum ráðuneytisins að taka ákvörðun.

Minnt er á staðfund háskólaráðs sem haldinn verður að Hvanneyri þann 18. nóvember þar sem farið verður í heimsókn í búin. Mæting á Hvanneyri kl. 13:00 (kl. 12:00 fyrir þá sem vilja borða hádegismat og fá skoðunarferð um skólabyggingu).